

## Umsögn Marorku

### Kafli 8.1. Innflutningur eldsneytis

Í stað vöruútflutnings þá er heppilegra að tala um gjaldeyrisskapandi starfsemi þ.e. þá kemur ferðapjónustan inn. Hreinar gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins var um 750 mia árið 2009. Það væri líka góð upplýsingagjöf í því að segja hvernig gjaldeyrisöflun skiptist á milli „Matvælaútflutnings (um 30%)“ „Ferðapjónustu (um 23%)“ „Álútlutnings (um 25%)“ og „Hugverkaiðnaðarins (um 21%)“. Það er líka mikilvægt að sýna á kökuritinu (mynd 1.) hver vöruinnflutningurinn er þ.e. það er mikilvægt að sjá hver mikið við flytjum inn af boxiti, eldsneyti, matvöru o.s.frv. Það er mitt álit að með því að styrkja þennan kafla þá fær lesandinn betra yfirlit yfir atvinnulífið á Íslandi.

### Kafli 8.2. Orkusparnaður

Mikilvægast varðandi orkusparnað okkar Íslendinga er að spara eldsneyti bæði vegna umhverfismála og alþjóðlegra reglugerða, sparnaðar á gjaldeyri og almennrar hagkvæmni í rekstri. Við eyðum 51 mia í eldsneyti á ári og því mikilvægt að ná árangri á þessu sviði strax. Mikilvægt er fyrir Íslendinga að ná tókum á þessu og verið er að vinna markvisst að því að ná fram breytingu á bílaflota landsmanna. Hinsvegar er lítið gert varðandi sjávarútveginn en þar má ná mun betri árangri en gert er í dag. Í Noregi er svokallaður „NOX Fond“ sem útgerðirnar eiga og greiða í. Þetta er ákveðinn skattur sem þær greiða árlega inn í sameiginlegan sjóð. Útgerðirnar geta síðan fengið fjármagn úr sjóðnum aftur ef þær eru að vinna að orkusparandi lausnum. Á Íslandi mætti setja upp slíkan sjóð undir hatti AVS eða RANNÍS sem myndi halda utan um sjóðinn. Það er mjög góð reynsla af þessu í Noregi og hefur þetta bæði hjálpað útgerðum í að bæta sig hvað varðar orkusparnað og einnig þá hefur þetta komið af stað mikilli nýsköpun í Noregi hvað varðar“ græna/hreina tækni“.

### Kafli 9 Uppbygging fjölbreytts atvinnulífs

Varðandi mynd 2 þá er búið að nota hana í fjöldamörg ár. Hún er mjög villandi því hún gefur ekki nægjanlega skýra mynd af gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Hjá Samtökum Iðnaðarins erum við að vinna með Hagstofunni og fleirum að því að fá betri greiningu á atvinnulífinu í heild sinni og þá sérstaklega gjaldeyrisskapandi greinum. Mikilvægt er að það komi skýrt fram eftirfarandi 4 skipting:

1. Matvælaútflutningur (sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, vatn o.fl.) er um 30%-32%
2. Útflutningur stóriðju (ál, járnblendir o.fl.) er um 23%-25%
3. Ferðapjónusta (almenn þjónusta + flug) er um 20%-23%
4. Hugverkaiðnaður er um 18%-21% með eftirfarandi greinum:
  - a. Matvæla- og veiðitækni (Marel, Hampiðjan, ....)
  - b. Heilbrigðis- og lyfjatækni (Actavis, Stiki, ....)
  - c. Leikja- og tölvuiðnaður (CCP, Gogogic,....)
  - d. Fata- og listiðnaður (66°Norður, Nikita, .....)
  - e. Orku- og umhverfistækni (\*Clean Tech Iceland, CTI) (Marorka, CRI,..... )
  - f. Líftækniíðnaður (\*Samtök íslenskra líftækniyfirtækja, SÍL) (Nimble Gen, Orf Líftækni, .....)

Ég legg til að notaðar séu sömu skilgreiningar í skýrslunni og verða notaðar í iðnaðinum á komandi mánuðum. Hátækni- og Sprota vettvangurinn (HTV) er m.a. að vinna í þessu en þar er best að tala við Dóra Hermannsson starfsmann HTV til að fá upplýsingar.

Grein 6 á síðu 33, (næst síðasta greinin)

Hér væri gott að bæta við að greinar hér að ofan 1,2,3 byggjast á víðtækri sátt um notkun á náttúruauðæfum landsins og því geta þessar greina ekki staðið fyrir þeim störfum sem þarf að skapa á komandi árum. Það er hægt upp að einhverju ákveðnu auka álag á náttúruna en það er mjög takmarkað til langs tíma lítið. Ef er horft til Danmerkur þá standa SME fyrirtæki fyrir 40% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar og þeir reikna með að SME fyrirtækin komi til með að standa fyrir hagvexti komandi ára. Á sama hátt þá getur hugverkaiðnaðurinn á Íslandi staðið fyrir hagvexti komandi ára ef rétt er á haldið. Það er fjölbreytnin greinarinnar, lítið sem ekkert álag á náttúruauðlindir ásamt alþjóðlegri tengingu þessarar greinar sem gefur honum möguleika á ótakmörkuðum vexti.

Kafli 9.5 Iðngarðar

Hér þarf að koma inn umfjöllun um möguleika á þörungavinnslu en reiknað er með að eldsneyti unnið úr þörungum komi til með að vera framtíðareldsneyti flugvéla. Þarna spilast saman líftækniíðnaðurinn – orkuiðnaður og ljósdíóðutækni. Ég legg til að þessi tækni ásamt fleirum svo sem Metan verði gerð góð skil í þessari grein.

Kafli 10 Skuldbindingar í Loftslagsmálum

Ég legg til að í þennan kafla verði bætt umfjöllun um hvaða alþjóðlegar skuldbindingar við höfum. Það vantar t.d. alveg umfjöllun um reglugerðir sem er verið að vinna hjá IMO um umhverfismál skipa.

Kafli 11.2 Innland framleiðsla

Hér þarf að fá að samtökin Clean Tech Iceland en það er nýbúið að stofna þau. Samtökin eru stofnuð af fyrirtækjum sem vinna að hreinni /græni tækni og starfa hér á Íslandi. Það þarf að fá fyrirtækin sjálf til að skrifa um þá möguleika sem við höfum í grænni tækni. Þar gæti t.d. Marorka ehf., skrifað um möguleikana í orkusparnaði skipa, CSR um metan framleiðslu o.s.frv. Það vantar líka umfjöllun um Skip, flug, rútur og flutningabíla.